


**Umhverfisstofnun**  
 Ab. *RG*  
**01 MARS 2003**  
 Tilv. **UST20030200081**


  
**UST**

**Umhverfisstofnun**

Umhverfisstofnun Íslenskra ríkisins

**Nefndasvið Alþingis**  
**Samgöngunefnd**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

28. febrúar 2003

Skjalanúmer: 110-0

Tilvísun: U20030200081/pt

### **Þingsályktunartillaga um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, 62. mál.**

Vísað er til erindis samgöngunefndar, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað var umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að þingsályktun um aðgerðir til að draga úr mengun og vegsliti, 62. mál.

Umhverfisstofnun fagnar framkomnum ályktunum um aðgerðir til að draga úr mengun. Vegna umfjöllunar í greinargerð með ályktuninni þá vill stofnunin benda á eftifarandi varðandi mun á mengun frá díselknúnum og bensíknúnum bifreiðum miðað við akstur sömu vegalengdar:

- Díselknúnar bifreiðar eyða minna eldsneyti miðað við sambærilega vélarstærð.
- Díselknúnar bifreiðar losa þess vegna minna af gróðurhúsalofttegundum.
- Díselknúnar bifreiðar menga minna af kolsýring og léttum rokgjörnum vtniskolefnum.
- Díselknúnar bifreiðar menga hinsvegar meira af köfnunarefnisoxíðum, þungum vtniskolefnum og rykögnum.

Það fer því nokkuð eftir aðstæðum á hverjum stað hvort það sé æskilegt að auka hlut díselknúinna bifreiða. Ef aðaláherslan er lögð á að minnka losun gróðurhúsalofttegunda þá er rétt að auka hlut díselbifreiða. Mikilvægt er einnig að tryggja að hver bifreið sé rekin á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til eldsneytisnotkunar. Í þessu samhengi má nefna að bæði bensín- og díselknúnar bifvélar verða sífellt fullkomnari og því dregur úr muninum á losun mengandi efna milli vélartegunda.

Stofnunin bendir jafnframt á að til viðbótar við þær bifreiðir sem tilgreindar eru í þingsályktunartillöggunni þá er mikilvægt að skoða einnig þann möguleika að auka hlut bifreiða með tvíorkuvélum, rafknúnar bifreiðar og aðra slíka kosti.

Virðingarfyllst,

*Sigurbjörg Gisladóttir*  
**Sigurbjörg Gisladóttir**  
 forstöðumaður

*Pór Tómasson*  
**Pór Tómasson**  
 fagstjóri